

Ed.

57. Frumvarp til laga

[55. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Björn Fr. Björnsson.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 8. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé um atvinnurekstur að ræða á afréttum, er sveitarfélögum, sem þar eiga eignar- eða afnotarétt, heimilt að innheimta aðstöðugjald af atvinnurekstrinum í samræmi við ákvæði þessa kafla.

2. gr.

a-liður 30. gr. laganna orðist svo:

Hvert sveitarfélag leggur útsvar á íbúa sína, sbr. 13. gr. laga nr. 35/1960, um lögheimili. Þeim sveitarfélögum, sem eiga eignar- eða afnotarétt að afréttum, er heimilt að leggja útsvör á þá, sem þar hafa fast aðsetur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Heimild til álagningar og innheimtu sveitarsjóðsgjalda er fyrst og fremst bundin við íbúa og atvinnurekstur í viðkomandi sveitarfélagi, sbr. 8. og 30. gr. laga nr. 51/1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Bein ákvæði eru ekki talin vera í löggjöf okkar Íslendinga um það, hver mörk sveitarfélaga séu, þegar til afrétta kemur og nær dregur hálendi landsins. Í stjórnarskrá okkar segir: „Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.“

Í samræmi við þetta stjórnarskrárákvæði hafa svo verið sett lög um sveitarstjórnir, og lög þau, sem nú gilda þar um, eru frá 1961, nr. 58. Þar segir í 1. gr.: „Ríkið skiptist í sveitarfélög, sem ráða sjálf málefnum sínum undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar (félagsmálaráðuneytisins), samkvæmt því sem lög ákveða.“ Í 2. gr. þessara laga segir, að með sveitarfélögum sé átt við hreppa og kaupstaði. Enn fremur, að staðarmörk sveitarfélaga skuli vera hin sömu og nú, en ráðuneytið geti breytt þeim samkvæmt því, sem nánar greini í lögnum. Um mörk sýslufélaga eru eigi fremur bein lagaákvæði, en gömul og viðtekin munu mörk þeirra vera og eflaust víðast hvar ljós og óumdeild, nema ef vera skyldi er til hálendisins kemur.

„Ríkið skiptist í sveitarfélög,“ segir í sveitarstjórnarlögum. Það mætti því ætla, að enginn væri sá staður eða landssvæði, að eigi félli til einhvers hrepps eða kaupstaðar.

Nú er það vitað, að víða eru afréttir til og það frá fornu fari, sem einstök sveitarfélög telja sig eigi hafa einungis óbein eignarréttindi að, svo sem veiðirétt og upprekstrarrétt, heldur einnig bein eignarréttindi að, þ. e. eiga landeignina sjálfa og hún heyrir til sveitarfélaginu. Nærtækast dæmi í svipinn er Holtamanna-afrétt innan Rangárpings. Þar eru hreppar, sem telja sig vera eignaraðila að afréttinni, og um langa tíma hafa þeir nytjað það landssvæði. Þarna eiga sér stað miklar framkvæmdir til undirbúnings stórvirkjunum við Sigöldu og Hrauneyjarfossa. Hundruð manna hafa þar stöðuga atvinnu mikinn hluta árs, og þegar til kemur, munu þeir eigi verða allfáir, sem setjast þar að til fulls.

Hvað sem öðru kann að liða, verður að telja það fráleitt, að minnsta óvissa ríki um greiðsluskyldu þessa fólks og frankvæmdaraðila til sveitarfélaganna, sem þessi landshluti heyrir til.

Flutningsmaður þessa frumvarps telur einsætt, að í lögum um tekjustofna sveitarfélaga sé næg stöð þeim sveitarfélögum, sem afréttir hafa nýtt eða eiga, til þess að leggja á sveitargjöld og innheimta hjá fyrirtækjum og því fólki, sem á þeim slóðum starfar. En til þess að koma í veg fyrir hugsanlegan ágreining þykir rétt að skerpa ákvæði laganna að þessu leyti, og því er þetta frumvarp flutt.